

Bessastaðir

Þrjár smá rannsóknir

Agnis Stefánsdóttir, Björn Stefánsson
og Sigurður Bergsteinsson



13

Bessastaðir

Þrjár smá rannsóknir

**Agnes Stefánsdóttir, Björn Stefánsson
og Sigurður Bergsteinsson**



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

Forsíða: Bessastaðir

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands/ Agnes Stefánsdóttir, Björn Stefánsson og Sigurður Bergsteinsson.
Öll réttindi áskilin
ISSN 1560-8050
Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

| | |
|---------------------------------|---|
| Inngangur | 5 |
| Rannsókn í apríl 1998 | 5 |
| Rannsókn í ágúst 1998 | 6 |
| Rannsókn í september 1998 | 7 |
| Teikningar | 8 |

Bessastaðir

Þrjár smá rannsóknir

Inngangur

Á árinu 1998 voru fornleifafræðingar Þjóðminjasafnsins fengnir til að kanna fornleifar eða meintar fornleifar á Bessastöðum í þrjú skipti. Öll tilfelli voru vegna verklegra framkvæmda á staðnum. Í apríl hafði Almenna verkfræðistofan samband vegna skurðgraftar og í ágúst og september hafði Vegagerð ríkisins samband vegna mannvirkja sem komu í ljós við vegagerð á staðnum. Í öll skiptin var um minniháttar rannsókn að ræða. Hér á eftir eru stuttar skýrslur um þessar rannsóknir.

Sigurður Bergsteinsson er ábyrgur fyrir rannsókninni í apríl, Agnes Stefánsdóttir í ágúst og Björn Stefánsson í september.

Rannsókn í apríl 1998

Þann 15. apríl 1998 hafði Almenna verkfræðistofan samband við Þjóðminjasafnið vegna lagningar ræsis á Bessastöðum. Grafin var skurður sem lá í austur-vestur í brekkunni norðan bíla-stæða og aðkeyrslu við Bessastaði (sjá teikningu 1). Auk þess var fyrirhugað að grafa fyrir skólplögn norður frá kirkjunni, og fór Almenna verkfræðistofan fram á að Þjóðminjasafnið kannaði hve djúpt væri niður á grafir við kirkjuna og þar með hvort mögulegt væri að leggja skólplögnina ofan við grafirnar án þess að raska þeim. Engar merktar grafir voru á svæði því sem fyrirhugað var kanna.

Dagana 16. 17. 20. og 21 apríl vorum við Agnes Stefánsdóttir á Bessastöðum og fylgdumst með skurðgrefti og mældum inn, ljósmynduðum og teiknuðum þær fornleifar sem komu í ljós við gröftinn. Til hægðarauka eru skurðirnir tveir nefndir skurður A,-skurður norðan vegar og bílaplans, og skurður B,- frá kirkju og norður að skurði A (sjá Teikningu 1).

Skurður A

Á um 30 m kafla vestan við brunahana var að finna mikil móöskulög ásamt torflögum og fleiri mannvistarlögum. Austan við þetta svæði var hins vegar enga forna mannvist að finna enda mikil hluti jarðvegs á þessu svæði uppfylling frá 20. öld. Skurðurinn var um 4 m djúpur. Efst var mikið rótaður jarðvegur, sem er uppfylling frá nútíma (lag 11 á teikningu 2). Þar fyrir neðan er móöskulag og í því fannst nokkuð af dýrabeinum, leirmunabrotum, glerbrotum og kítarpípum (lag 7 á teikningu 2). Undir móöskunni er torflag. Undir torflaginu er fokmold, þar sem vottar fyrir mannvist og ofarlega í henni er svört fínkornuð gjóska (lög 2 og 4), sem er talin hafa fallið um árið 1500. Í fokmoldinni er einnig að finna raskað torf og blandað móöskulag (lög 3 og 5).

Túlkun

Hugsanlega getur lag 3 verið leifar af vegghleðslu en lagið var of raskað til þess að hægt væri að skera úr um það með vissu, enda sást það ekki í fleti þar eð búið var að grafa skurðinn á þessum stað er ég kom á staðinn þann 15. apríl. Lag 6 sem virðist vera rótað torf, hefur upphaflega verið í mannvirki, sem jafnað var við jörðu. Aðrar mannvistarleifar var ekki að finna á þessu svæði. Mööskulagið kemur ekki á óvart á þessum stað enda var mikið móöskulag þar skammt frá, efst á uppgraftarsvæði norðan Bessastaðastofu, sem rannsakað var 1988. Lagið getur hafa safnast upp á löngum tíma, en af fundum að dæma hefur líklega verið að bætast í það á 19. og jafnvel fram á 20. öld. Miðað við afstöðu gjösku frá því um 1500 má sjá að lagið hefur byrjað að myndast á þessum stað eftir 1500, en ég tel líklegt að það sé enn yngra, af fundum að dæma. Lagið þynnist til

vesturs eða þegar fjær dregur Bessastaðastofu enda hlýtur það að vera öskuhaugur frá henni.

Skurður B.

Holræsaskurður frá kirkju var grafinn með lítilli vélgröfu, s.k. Bobcat. Á tæplega eins meters dýpi var komið niður á stöku mannabein. Á 1,4 m dýpi voru leifar af 5 höfuðkúpum og tæplega 10 cm neðar sáust tvær grafir (sjá teikningu 1).

Gert hafði verið ráð fyrir að skurðurinn væri hafður enn dýpri en við nánari athugun og í samráði við verkfræðinga var ákveðið að leggja lagnirnar ofan við beinin, þannig að komist væri hjá frekara raski á gröfum. Bein voru ljósmynduð og staðsett. Að því loknu voru þakið yfir með um 10 cm moldarlagi. Þar ofan við var sandur hafður sem undirlag fyrir lagnirnar.

Engar aðrar markverðar leifar voru í skurðinum.

Sigurður Bergsteinsson

Rannsókn í ágúst 1998

Aðdragandi

Vegagerð ríkisins hringdi til Þjóðminjasafnsins þann 8. ágúst vegna vegafamkvæmda sem þá voru hafnar við Bessastaði. Verið var að breikka og dýpka gamla veginn frá kirkjunni og norður fyrir Bessastaði að fjósinu. Vegagerðinni var kunnugt um að fornleifar kynnu að vera á framkvæmdasvæðinu, þar sem fornleifar komu í ljós þegar gamli vegurinn var gerður.

Vettvangsrannsókn

Þann 17. ágúst var fornleifafræðingur boðaður að Bessastöðum til að fylgjast með framkvæmdunum. Þar var fyrir Sigursteinn Hjartarson frá Vegagerðinni og Gylfi verkstjóri. Að lokinn frumkönnun var ákveðið að hittast aftur morguninn eftir þegar haldið yrði áfram að grafa með vélgröfu. Áður hafði verið grafið á þeim hluta sem engar heimildir voru fyrir fornleifum, þ.e. nær fjósinu.

Mannvirki 1.

Þann 18. ágúst hófst gröfturinn og kom fljótlega í ljós torf og þar hjá nokkrir steinar sem virtust vera leifar af mannvirki. Þetta var á það miklu dýpi að ákveðið var hreyfa ekki við þessu og leggja veginn yfir. Svæðið var teiknað og munir á yfirborði

týndir upp. Munirnir voru flöskubrot, keramik og postulín frá þessari öld.

Mannvirki 2.

Næstu 20 metrana sáust engin merki um mannvistarleifar en u.þ.b. 135 m eftir veginum (frá hliði við kirkju) kom í ljós mikið magn af viðarkolum á litlum bletti, ca 1x0,5 m í þvermál. Þetta var einnig teiknað og týnd upp gler- og postulínsbrot sem voru frá þessari öld, að mati Guðrúnar Sveinbjarnardóttur sem leit á þau. Þétt uppvið þennan kolablett var töluvert af járn, allt nýlegt.

Mannvirki 3.

Eftir u.þ.b. 25 metra án mannvistarleifa kom svo í ljós mannvirki sem byrjar við 160 m (sjá teikningu) og nær u.þ.b. 10 metra áfram. Hér var tvöföld steinhleðsla með torfi. Frá þessu mannvirki og um 20 metra í austur liggur allþykkt móöskulag sem í voru m.a. keramik og krítarpíbubrot. Ákveðið var að láta þetta mannvirki einnig vera óhreyft og leggja veginn yfir, þó varð að grafa eitthvað af móöskunni í burt og voru gripir týndir upp jafnóðum. Alls fundust 8 keramikbrot og tvö brot úr krítarpípu.

Krítarpípur:

1. *Leggur*, óskreyttur.
2. *Leggur*, með brot af fæti. Á fæti eru leifar af stimpli sem á virðist standa HM með perlurönd við brúnina. Í bókinni *Merken van Goudse pijpenmakers 1660-1940* eftir D.H. Duco eru myndir af hinum ýmsu stimplum sem notaðir voru við hollenska pípugerð. Á bls. 81 er mynd af stimpli sem, gæti verið sá hinn sami og sá sem er á þessari pípu. Sá stimpill stendur fyrir **Hendrick Muijs** og var í notkun milli 1700/1715-1799.

Keramik:

1. *Steinleir*, 1 brot. Líklega Düingen leir, gerður eftir 1750.
2. *Rauðleir*, 5 brot. 2 brot passa saman, þau eru með rauðum glerung að innan, en svört af sóti að utan. Þriðja brotið virðist vera botn á einhvers konar skál eða fati. Fjórdæ og fimmta brotið passa saman, virðast vera brún og botn á fati með grænleitum glerung að innan og utan.
3. *Fajans*, 2 brot. Annað með hvítum glerung innan og utan, hitt með einlitum brúnleitum glerung að innan og hvítum

glerung með máluðu fjólubláu munstri að utan. Seinna brotið virðist vera brún á einhverju íláti.

Niðurstöður

Alls fundust mannvistarleifar á þremur stöðum á uppgraftarsvæðinu. Mannvirki 1 og 2 eru líklega bæði frá þessari öld ef marka má þá gripi sem fundust í og við mannvirkin. Mannvirki 3 er líklega frá seinni hluta 18. aldar eða byrjun 19. aldar.


Agnes Stefánsdóttir

Rannsókn í september 1998

Í september 1998 stóð yfir vegagerð á Bessastöðum frá Fjósi að bústað forseta og Bessastaðastofu. Þann 8. september tilkynnti verktakinn, sem var Loftorka Þjóðminjasafninu að „Garður“ væri í vegarstæðinu, suð-austan fjóss. Þann 9. september fór ég á staðinn. Steinaröð sú sem bennt var á reyndist vera hluti af girðingu. Nýlegir járn og tréstaumar fundust á milli steina og var sama burðarlag og í vegi við austurhlið Fjóss.

Ástæðulaust er að fjölyrða meir um þessa girðingu. Steinaröðin var staðsett með mælingum frá fjóshornum og lengd mæld (sjá teikningu 3).


Björn Stefánsson



Teikning 1. Teikningin sýnir staðsetningu svæða sem rannsókuð voru í apríl 1998.

Bessastaðir 1998

Snið í skurði A. Horft í suður



1 Óhreyfð mold

2 Lítið hreyfð fokmold. vottar fyrir móösku

3 Máð torf með stöku grjóti.

4 Svört finkornuð gjóska. Katla 1500.

5 Móösku og sótlinsur blandaðar mold.

6 Leirkennt jafnað torf.


7 Móaska. Töluvert af leir- kera- og krittarpípubrotum. Mikið af beinum, sérstaklega í laginu neðanverðu.

8 Gráleit meðalgróf gjóska. Miðdalagið 1226 til 1231.

9 Leirkennt mold, blönduð Móösku.


10 Móaska, kol og bein.

11 Rót og uppfylling frá þessari öld.



Mælikvarði 1:100
Fornleifadeild Þjóðminjasafnsins 1998
Sigurður Bergsteinnsson

Teikning 2: Snið í skurði A



Teikning 3. Teikningin sýnir svæði sem rannsökuð voru í ágúst og september 1998

Skýrslur fornleifadeildar 1998

- 1 Starfsemi fornleifadeildar 1997.
Guðmundur Ólafsson.
- 2 Hringvegur um Fossárvík.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 3 Suðurfjarðarvegur um Selá.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 4 Frumrannsókn á Seyðisfirði vegna
snjóflóðavarna.
Guðmundur Ólafsson.
- 5 Bæjarrúst í landi Vagnsstaða, Suður-
sveit. Guðmundur Ólafsson.
- 6 Verstöð við Arnarstapa í Tálknafirði.
Guðmundur Ólafsson.
- 7 Tindastólsvegur um Hróarsgötur.
Fornleifaskráning.
Guðmundur Ólafsson.
- 8 Skagastrandarvegur um Hafursstaðaá.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 9 Efribyggðarvegur í Skagafirði.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 10 Þverárfjallsvegur-Skagavegur.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 11 Eiríksstaðir í Haukadal.
Fornleifarannsókn í skála.
Guðmundur Ólafsson.
- 12 Reykholt í Borgarfirði Framvindu-
skýrsla 1998. Guðrún Sveinbjarnar-
dóttir og Guðmundur H. Jónsson.
- 13 Bessastaðir. Þrjár smá rannsóknir.
Agnes Stefánsdóttir, Björn Stefánsson
og Sigurður Bergsteinsson



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS